

Alþingi  
Nefndasvið  
Samgöngunefnd  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 2. febrúar 2007

Tilvísun: 200702-0009/ 0.03.02 Drög að lögum og reglugerðum


### Umsögn varðandi

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um umferðarlög, nr. 50/1987, með síðari breytingum. Þskj. 418 — 381. mál**

Vinnueftirlit ríkisins gerir ekki athugasemdir við þetta frumvarp til umferðarlaga sem nú liggur fyrir Alþingi. Stofnunin vill koma á framfæri ánægju með frumvarpið og vonast er eftir að það muni ná fram að ganga.

Hækkun ökuleyfisaldurs í 18 ár mun hafa bein áhrif á veitingu vinnuvélaréttinda og heimilda manna til að stjórna slíkum tækjum þar sem ökuleyfis er krafist. Nái frumvarpið fram að ganga mun það skerpa enn frekar á því almenna vinnuverndarsjónarmiði að ungmenni yngri en 18 ára eigi ekki að vinna hættuleg störf.

Virðingarfyllst  
f.h. Vinnueftirlitsins

  
Kristinn Tómasson dr.med  
Yfirlæknir Vinnueftirlitsins